

Allsherjar-og menntamálanefnd Alþingis

Hér með er komið á framfæri til nefndarinnar umsögn Útvarps Sögu um frumvarp til laga um ríkisútvarpið.

1. Útvarp Saga telur að RÚV eigi ekki að vera á auglýsingamarkaði frekar en tíðkast í nágrannalöndum okkar. Ástæðan er augljós. Tekjur RÚV eru tryggðar með nefskatti og með því að heimila RÚV með lögum auglýsingasölu á markaði í samkeppni við frjálsar einkastöðvar er verið að virða að vettugi eðlileg samkeppnissjónarmið og því hamlar þetta fyrirkomulag verulega framgöngu annarra fjölmiðlafyrirtækja að mati Útvarps Sögu. Fyrirtæki í eigu ríkisins eiga ekki að njóta forréttinda á evrópskra efnahagssvæðinu. Engu breytir þótt RÚV kalli sig fjölmiðil í almannabágu. Allir þeir sem starfa á evrópska efnahagssvæðinu geta skilgreint starfsemi sína á þann veg að hún sé í almannabágu.

2. Í frumvarpinu er kveðið á um takmarkanir á tímalengd auglýsingabirtinga í sjónvarpi. Gert er ráð fyrir að RÚV megi birta auglýsingar í sjónvarpi í 8 mínútur pr. klst. Ekkert er getið um takmarkanir hjá RÚV á birtingum auglýsinga í útvarpi (hljóðvarp) í umræddu frumvarpi. Útvarp Saga telur mjög mikilvægt að tímatakmarkanir á birtingum auglýsinga á útvarpsstöðvum RÚV séu líka virtar. Er það mikilvægt sjónarmið að jafnræðis sé gætt á milli útvarps og sjónvarps hvað þetta varðar. Útvarp Saga telur brýnt að tímatakmarkanir á auglýsingabirtingum RÚV á hverja klst. sé takmarkaðar til samræmis við tímatakmarkanir í sjónvarpi RÚV.

Virðingarfyllst

F.h.Útvarps Sögu ehf  
Arnþrúður Karlsdóttir, útvarpsstjóri